

# Héraðsdómur Suðurlands

---

---

Allsherjarnefnd Alþingis,  
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfr.  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 - Reykjavík.

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 118 / 230*

*komudagur 25 / 11 1994*

Selfossi, 23. nóvember 1994

Dómarar við Héraðsdóm Suðurlands hafa farið yfir frumvarp til laga um héraðsdómstól í skatta og bókhaldsmálum, 9. mál, er barst dómnum með bréfi hæstvirktrar allsherjarnefndar dags. 20. f.m.

Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir að settur verði upp sérstakur dómstóll til að fara með skatta og bókhaldsbrot.

Á undanförunum árum hefur markvisst verið unnið að því að fækka sérdómstólum og ber þá einkum að nefna þá viðamiklu breytingar sem gerðar voru á dómstólaskipan landsins og tóku gildi 1. júlí 1992. Frumvarp þetta gengur þvert á þá viðleitni og tel ég að það verði ekki til bóta.

Í greinargerð frumvarpsins segir: „**Meðferð skattsvika mála mun ganga greiðlegar fyrir sig hjá sérstökum skattadómstóli heldur en almennum dómstólum sem virðast ofhlaðnir störfum. Fá skattsvikamál hafa sætt meðferð dómstóla, enda hefur dómskerfið verið seinvirk og þar hefur vantað starfskrafta með sérþekkingu á skattskilum og reikningsskilum.**”

Ekki er mér ljóst á hverju frumvarpsflytjandi byggir þessar fullyrðingar sínar. Í Hæstarétti voru dæmd a.m.k. 3 mál á árinu 1993, sem geta talist meiriháttar bókhalds- og skattsvikamál. Afgreiðsla þeirra hjá héraðsdómstólumun var sem hér segir:

Málanr.	Útgáfa ákæru	Dómtekið	Dæmt í héraði	Dagafjöldi frá útgáfu ákæru til dómsuppsögu
146/1992	1. ágú. 1991	7. jan 1992	28. jan. 1992	160
119/1992	25. jan. 1991	25. okt. 1991	11. des. 1991	320
053/1992	31. júl. 1991	31. okt. 1991	6. nóv. 1991	98

Að auki hafa verið athugaðir í dómasafni Hæstaréttar, dómar í þeim málum sem lokið var það ár í Hæstarétti og þar sem ákæra hafði verið gefin út eftir að ný réttarfarslög tóku gildi 1. júlí 1992. Í ljós kom að þar var um að ræða 52 mál og var sá tími er leið frá því að ákæra var gefin út og þar til dómur féll í héraði stystur 3 dagar en

## Héraðsdómur Suðurlands

---

---


lengstur 207 dagar. Meðaltals tími var 72 dagar. Það er því á misskilningi byggt hjá háttvirtum flutningsmanni að dómstólarnir séu lengi að afgreiða ákærumál.

Hvað varðar fullyrðingu um að dómstólana skorti sérfræðipækkingu skattaskilum og reikningsskilum má vel vera að svo sé, ég hef ekki vitneskju um sérþekkingu einstakra dómara, en verð þó að vísa til þess að í 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er gert ráð fyrir því að dómari geti kallað til sérfróða meðdómendur þegar hann telur slíkt nauðsynlegt og virðist mér að svo hafi verið gert.

Viðamikil skatta- og bókhaldsmál kalla óhjákvæmilega á umfangsmikla vinnu á rannsóknarstigi. Hvort sú vinna fer fram á vegum skattayfirvalda eða rannsóknarlögreglu kann að vera álitamál, en eðlilegt þykir að skattayfirvöld taki um það ákvörðun hvort gripið verður til opinberrar málshöfðunar, einkum og sér í lagi til þess að gætt verði samræmingar í slíkum ákvörðunum.

Af hálfu Héraðsdóms Suðurlands er ekki hægt að mæla með samþykkt þessa lagafrumvarps.

Virðingarfyllst,



Kristján Torfason,  
dómstjóri.

